


SÖLUPLÁSS Á LJÓSANÓTT

Þeir einstaklingar og félagasamtök sem hyggjast vera með sölu af einhverju tagi á Ljósanótt 2019 eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við umsjónarmann söluplássa á netfangið sala@ljosanott.is eða í síma 847 2503 og tilkynna um þátttöku. Leyfilegt er að vera með torgsölu frá fimmtudeginum 5. til sunnudagsins 8. september.

Handverkstjald

er 144 m² tjald þar sem leigð eru út 16 misstór pláss til sölu á eigin framleiðslu/handverki og í einstaka tilfellum til kynningar á sérvörum eða góðgerðarmálefnum. Hafið við umsjónarmann söluplássa á netfangið sala@ljosanott.is eða í síma 847 2503 fyrir nánari upplýsingar.



Áætlaður opnunartími handverkstjalds:

- Fimmtudagur 17 – 23
- Föstudagur 17 – 24
- Laugardagur 13 – 24
- Sunnudagur 13 -17

ATH. að öll sala á notuðum fötum, kompuþóti, mat, bakkelsi og sambærilegu á ekki heima í handverkstjaldi.

ATH. að söluvarningur er ávallt á fullri ábyrgð söluaðila og umjónaraðili söluplássa ber ekki ábyrgð á veðurfari. Engin gæsla er utan opnunartíma þannig að pakka þarf saman eftir hvern söludag.

Greiðslur verða að berast í síðasta lagi fyrir hádegi mánudaginn 2. september 2019 á reikning þann sem gefinn er upp hér að neðan. Senda skal kvittun úr heimabanka viðkomandi á netfangið

sala@ljosanott.is og er mjög áriðandi að sett sé í tilvísun: númer sölupláss og nafn leigutaka. Reikningur Ljósanætur er: Kt. 511005-1830, Reikn. Nr. 0142-26-511006.

Fyrir hönd framkvæmdaráðs Ljósanætur:

Karfan Keflavík & Njarðvík

Almennt sölusvæði

er svæði þar sem viðkomandi leigir afmarkaðan reit á opnu sölusvæði/torgsölu sem rúmar skúr/vagn/tjald þar sem heimilt er að selja allan viðurkenndan varning eða veitingar.

Greidd er svokölluð „aðstöðuleiga“ fyrir sölupláss á almennu sölusvæði og gert er ráð fyrir því að salan fari fram á einum stað. Þeir sem hafa fleiri en einn útsölustað greiða aðstöðuleigu fyrir hvert sölupláss/staðsetningu.

Nánar um almennt sölusvæði

Staðsetning og stærð söluplássa á almennu sölusvæði er samkvæmt yfirlitsmynd



Vegna veitingasölu og almennrar torgsölu á hátíðarsvæði

Þeir sem hyggjast selja matvæli þurfa að hafa leyfi frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti (leggja þarf fram gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélags). Umsóknareyðublað um nýtt starfsleyfi er á vefsíðu Reykjanesbæjar.

Tjöld/vagnar þurfa að uppfylla brunavarnir skv. leiðbeiningum um "Brunavarnir í samkomutjöldum 71.4 Br. 2. Sjá nánar á vefsíðu Reykjanesbæjar

Þeim sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði er óheimilt að stunda sölumennsku á hátíðarsvæði Ljósanætur.

Rétt er að benda leiguliðum á að koma með sín eigin slökkvitæki, eldvarnarteppi og sjúkrakassa þar sem sá búnaður er ekki innifalinn í leigunni.

Kostnaður vegna torgsölu á almennu sölusvæði er eftirfarandi:

Aðstöðu-/reitaleiga er 50.000 kr fyrir Ljósanæturhelgina.

Umgengnistrygging er 15.000 kr (sjá skýringar neðar).

Söluaðili er vinsamlegast beðinn að senda sem fyrst stærð grunnflatar aðstöðu sinnar (sölutjald/bíll/sölubás) ásala@ljosanott.is og helst mynd af aðstöðunni.

Hver sölureitur afhendist með einni rafmagnssnúru 10 Amp tengli (2.200 Watt). Þurfi söluaðili meira rafmagn greiðist fyrir það sérstaklega, kr. 3.000 (umfram 1 x10 Amp tengill).

Dagskrá og úttektir tjalda

Dagskrá á föstudagskvöld verður á mótum Hafnargötu og Tjarnargötu

Dagskrá á laugardag verður á hátíðarsviði á yfirlitsmynd sölusvæðis

Úttektir tjalda og aðstöðu fara fram á föstudeginum 6. september

Greiðslur

verða að berast í síðasta lagi mánudaginn 2. september 2019 á reikning Ljósanætur. Senda skal kvittun úr heimabanka viðkomandi á netfangið: sala@ljosanott.is og er áriðandi er að sett sé í tilvísun: númer sölupláss og nafna leiguliða.

Reikningur Ljósanætur er: kt. 511005-1830 Reikn.nr 0142-26-511006. Leigutökum verður afhent leyfisbréf sem eiga að vera sýnileg á sölustað.

Íþrótta- og félagasamtök í Reykjanesbæ greiða ekki aðstöðugjald/reitarleigu fyrir sölupláss/torgsölu á Ljósanótt. Þau þurfa þó að fara í sama umsóknarferli og aðrir söluaðilar, uppfylla sömu skilyrði til torgsölu og greiða umgegnistryggingu.

Umgegnistrygging

að upphæð 15.000 kr er hugsuð sem trygging fyrir góðri umgengni um tjöldin/svæðið og endurgreiðist hún fyrir 23. sept til viðkomandi leiguliða hafi hann skilað tjaldinu/svæðinu óskemmdu, hreinu og öllu rusli hafi verið komið í tilheyrandi ruslagáma.